

# Reglugjörð

113  
22. okt.

## fyrir forðagæslumenn í Skagafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Það er ætlunarverk forðagæslumanna að hafa nákvæmar gætur á heyringdum búenda, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum og meðferð á búpeningi.

### 2. gr.

Starf þetta framkvæma forðagæslumenn með því að koma tvisvar á vetri, í fyrri hluta nóvembermánaðar og fyrri hluta aprílmánaðar, til eftirlits á hvert heimili í forðagæslumannsumdæminu og aðgæta í bæði skiftin vandlega birgðir búenda og skepnufjölda, ástand hans, gæði birgða og annað, sem máli getur skift í þessu efni, svo sem jarðsæld, landgæði, húsakynni, skepnuhöld o. s. frv. Ennfremur skal forðagæslumaður afla sjer á vori hverju, er skepnur eru af gjöf, á þann hátt sem hann telur heppilegastan og áreiðanlegastan, vitneskju um fyrningar, forða og skepnuhöld hvers einstaks bónda á svæði því, er honum er fengið til umsjónar. Heyfyrningar skulu taldar í teningsmetrum, en kornvörufyrningar og aðrar fyrningar í kg.

### 3. gr.

Forðagæslumaður skal, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í fóðurþröng.

### 4. gr.

Ef forðagæslumaður telur, að peningur búanda sje í slæmu standi eða líkur til að hann, eða nokkur hluti hans, kunni að kveljast eða falla af fóðurkort, skal hann hvetja búandann til að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er bjargarvon.

### 5. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns,

**113** hvorki afla sjer fódurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslu-  
22. okt. maður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri þá, eftir tillögum forðagæslumanns, skipað búanda að afla sjer tiltekinn, nægilegra fódurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandi heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fódurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor og er að álitum forðagæslumanns um að kenna fódurskortu, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum málavöxtum, en hann aftur sýslumanni.

#### 6. gr.

Forðagæslumenn skulu kosnir til þriggja ára, þó þannig, að þeir, sem kosnir verða til þessa starfs vorið 1914, hafa eigi það starf á hendi lengur en til hreppsnefndarkosningar 1916. Enginn karlmaður, sem er skyldugur til að taka á móti kosningu í hreppsnefnd, getur skorast undan að takast á hendur þetta starf.

#### 7. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

#### 8. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargjörðir í þartil gjörða bók, sem þeir fá hjá sýslumanni. Forðagæslubækurnar eru eign landsins og skulu þær sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar. Bækur þessar ber forðagæslumönnum að hirða vandlega og rita þær skýrt og greinilega.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega hvernig ástatt er í hreppnum og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hverrar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

#### 9. gr.

Það er skylda forðagæslumanna að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetning og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni, um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir þvínæst senda

sýslumanni fyrir lok júnimánaðar ár hvert aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar. Eyðublöð undir skýrslur þessar fá forðgæslumenn hjá sýslumanni. 113  
22. okt.

Á vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

#### 10. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

#### 11. gr.

Ef forðagæslumaður brýtur gegn reglugjörð þessari varðar það sektum frá 5—100 kr., og skulu mál um slík brot rekin sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 22. okt. 1914.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*